03.09.2018

Ósk um aðild að ÍBH.

Með bréfi þessu er Bogfimifélagið Hrói Höttur kt. 430918-0600 að lögheimili Álfaskeiði 18, 220 Hafnarfirði, að óska um aðild að Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar, skammstafað ÍBH.

Með fyrirfram þökk, Formaður Sveinn Stefánsson.

**Stofnfundur - Fundargerð** **Dags. 28.08. 2018**

**Bogfimifélagið Hrói Höttur.**

Félagsheiti er **Bogfimifélagið Hrói Höttur** og fundur var haldinn dags 28.08. 2018 í Reiðvaði 5 Reykjavík 110

**Aðsetur Bogfimifélagsins Hróa Hattar verður að Álfaskeiði 18 Hafnarfirði 220.**

**Mættir á fund voru:**

Sveinn Stefánsson

Lára B. Björnsdóttir

Ingólfur Rafn Jónsson

Aron Sveinsson

Geir Harðarson

**Kosin stjórn.**

| | | |
|---|---|---|
| **Formaður.** | Sveinn Stefánsson | kt 010867-3399 |
| **Varaformaður**. | Ingólfur Rafn Jónsson | kt 290175-3489 |
| **Gjaldkeri.** | Lára B. Björnsdóttir | kt 070971-4109 |

**Meðstjórnendur**

| | |
|---|---|
| Aron Sveinsson | kt 210471-2979 |
| Geir Harðarson | kt 170863-2669 |

Eyðublað frá RSK var útfyllt og skilað til RSK og var það samþykkt.

Aðsetur félagsins yrði í Hafnarfirði og æfingar /aðstaða yrði í samráði við ÍBH.

Félagið myndi skaffa búnað sem notaður yrði á námskeiðum hjá félaginu þangað til nemendur eru ákveðnir hvaða gerð af búnaði þeir kjósa sér og kaupa þá sjálfir það sem til þarf.

Munum við því þjálfa lengra komnar skyttur á sama stað.

# RSK

**Fyrirtækjaskrá**
**Hlutafélagaskrá - Samvinnufélagaskrá - Sjálfseignarstofnanaskrá - Firmaskrá**
Laugavegi 166, 150 Reykjavík

## Bogfimifélagið Hrói Höttur

**Kt: 430918-0600**

**Póstfang:** Álfaskeiði 18
220 Hafnarfjörður

**Lögheimili:** Álfaskeiði 18
220 Hafnarfjörður

**Útgefið:** 03.09.2018

**Ísat flokkun:**
**94.99.9** Starfsemi annarra ótalinna félagasamtaka

**Rekstrarform:** Félagasamtök

**Stjórn:**

| | |
|---|---|
| 010867-3399 | Sveinn Stefánsson, Reiðvaði 5, 110 Reykjavík, *stjórnarformaður* |
| 070971-4109 | Lára Birna Björnsdóttir, Reiðvaði 5, 110 Reykjavík, *meðstjórnandi* |
| 290175-3489 | Ingólfur Rafn Jónsson, Engjavöllum 5B, 221 Hafnarfjörður, *meðstjórnandi* |
| 210496-2979 | Aron Sveinsson, Reiðvaði 5, 110 Reykjavík, *varamaður* |
| 170863-2169 | Geir Harðarson, Grenimel 42, 107 Reykjavík, *varamaður* |

**Prókúruumboð:**

| | |
|---|---|
| 070971-4109 | Lára Birna Björnsdóttir, Reiðvaði 5, 110 Reykjavík |
| 010867-3399 | Sveinn Stefánsson, Reiðvaði 5, 110 Reykjavík |

**Tilgangur:** Tilgangur félagsins er að stuðla að og kynna bogfimi fyrir fólki í Hafnarfirði og á landsvísu í samstarfi við önnur samtök og félög.

**Félagatal / Iðkendatal Bogfimifélagsins Hróa Hattar** **28.8.2018**

Sveinn Stefánsson

Lára B. Björnsdóttir

Ingólfur Rafn Jónsson

Aron Sveinsson

Geir Harðarson

Bogfimifélagið Hrói Höttur

**1. Grein**

Nafn félagsins er **Bogfimifélagið Hrói Höttur.** Skammstafað BHH

**2. Grein**

Lögheimili Bogfimifélagsins Hróa Hattar er Álfaskeið 18 (neðri hæð) 220, Hafnafjörður, Ísland.

**3. Grein**

Stuðla að og kynna bogfimi fyrir fólki í Hafnafirði og á landsvísu í samstarfið við önnur samtök og félög.

**4. Grein**

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að:

1. Styðja við þekkingu og æfingar á meðal félagsmanna almennt
2. Stuðla að samstarfi á milli innlendra og erlendra félaga eða samtaka á málum sem snerta bogfimi.
3. Halda reglulega bogfiminámskeið.
4. Stuðla að félagsmenn æfi bogfimi sem íþrótt og til sýninga.
5. Styðja við uppbyggingu á svæðum til keppni, æfinga og námskeiðahalds í Hafnarfirði
6. Geta orðið aðili að innlendu eða erlendu félagi sem hefur bogfimi á stefnuskrá sinni.

**5. Grein**

Félagið heldur úti heimasíðu eða öðrum sambærilegum miðlum til að miðla upplýsingum til félagsmanna

**6.Grein**

Félagið er fjármagnað með félagsgjöldum, keppnisgjöldum, auglýsingum og öðrum frjálsum framlögum.

**7. Grein**

Félagi getur hver sem er orðið, með skriflegri umsókn um inngöngu í félagið. En ef umsækjandi hefur orðið uppvís um brot á hegningarlögum og eða fengið tiltal frá stjórn ÍSÍ og eða öðrum félagasamtökum, um óæskilega hegðun og eða notkun búnaðar í óæskilegum tilgangi, þá mun stjórn félagsins taka umsókn til umræðu og ákvörðunartöku . Einnig verður skoðað hvort viðkomandi hafi slæmt orðspor á sér innan bogfimiíþróttarinnar og eða annara íþrótta t.d brottrekstur úr öðrum félögögum.

Heimilt er að veita auka aðild að félaginu einstaklingi sem ekki er lögráða með samþykki forráðamanna.

**8. Grein**

Félagsmaður getur ekki borið ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram greitt félagsgjald.

Félagsmaður á ekki tilkall til hluta af eigum félagsins þótt hann hverfi úr félaginu eða félaginu verði slitið.

**9. Grein**

Stjórn félagsins skipa 3 einstaklingar sem kjósa skal á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Í stjórn eru formaður ,varaformaður og gjaldkeri. Síðan eru tveir varamenn. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda og sér formaður um daglega umsjón. Stjórn er heimilt að skipa nefndir til að annast afmörkuð verkefni.

Formaður og gjaldkeri hafa prókúru fyrir félagið.

**10.Grein**

Formaður eða stjórnarmenn boða stjórnarfundi þegar þurfa þykir. Stjórnarfundur telst löglegur ef allir stjórnarmenn eru boðaðir almennt með 4 daga fyrirvara., a.m.k. tveir stjórnarmenn sitji fundinn. Heimilt er að stjórnarfundur fari fram með rafrænum hætti.

**11. Grein**

Aðalfundur er æðsta vald í málefnum félagsins og skal að öllu jöfnu haldinn eigi síðar en í mars ár hvert. Atkvæðisrétt á fundum félagsins hafa allir félagsmenn sem eru skuldlausir við félagið. Stjórn skal boða til aðalfundar eigi síðar en 15 dögum fyrir uppgefinn fundartíma og skal að lágmarki birta auglýsingu á vefsíðu félagsins.

Heimilt er að aðalfundur fari fram með rafrænum hætti.

Til almennra félagsfunda skal boða þegar stjórn þykir ástæða og tilgreina fundarefni, skal boða fund innan 15 daga.

**12. Grein**

Félagsgjald er ákveðið á aðalfundi ár hvert.

**13. Grein**

Verði hagnaður af starfsemi félagsins skal honum varið til þágu markmiða félagsins og viðhalda búnaði.

**14. Grein**

Ef ákvörðun um slit félags verður, skal hún tekin upp á aðalfundi / aukafundi með a.m.k. 2/3 hluta sammþykktra atkvæða félagsmanna og skal eignum félagsins að uppgerðum öllum þeim skuldum /

skuldbindingum sem / ef félagið hefur stofnað til að fullu uppgreitt, munu eftirstandi búnaður og peningainnistæður skiptast svo;

**Nr 1**. Ef nýtt félag með sama tilgang og markmið ,verður stofnað i Hafnarfirði innan eins árs, mun allur búnaður og peningainnistæður renna til þess félags.

**Nr 2**. Ef ekkert félag mun stofnast innan eins árs í Hafnarfirði, mun búnaður renna til annars bogfimifélags á Íslandi og mun fráfallandi stjórn Bogfimifélasins Hróa Hattar ákveða hvaða félag það verður. Ef um peningainnistæður verða, þá muna þær renna til góðgerðarfélags að nafni **„Hrói Höttur barnavinafélag"** þegar eitt ár er liðið frá slitum félags

**15. grein**

Tillögur til lagabreytinga skal afhenda stjórn félagsins og skulu þær birtar af stjórn með fundarboði til aðalfundar.

**16. Grein**

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins, þann 28 ágúst 2018 og öðlast þegar gildi.

Lög þessi og síðari breytingar á þeim öðlast gildi þegar framkvæmdastjórnir ÍBH og ÍSÍ hafa staðfest þau/þær, sbr. lög ÍBH og ÍSÍ.

**Dagsettning og undirskriftir stofnenda.**

28.08.2018

**Formaður :**

[illegible] 010867-3399.

**Varaformaður :**

Ingólfur Rafn Jónsson 290175-3489.

**Gjaldkeri :**

Lára B. Björnsdóttir 070971-4109

**Varamaður :**

[illegible] 210496-2979

**Varamaður :**

[illegible] 170863-2669.